



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 12. nóvember 2018

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 83/1994 um umboðsmann barna (hlutverk umboðsmanns barna, ráðgjafarhópur barna og barnaþing). Þingskjal 156 – 156. mál.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 83/1994, um umboðsmann barna (hlutverk umboðsmanns barna, ráðgjafarhópur barna og barnaþing).

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fengu ofangreint mál til umsagnar og þakka fyrir það tækifæri.

Barnaheill fagna þeim áformum sem birtast í frumvarpinu.

Samtökin taka heilshugar undir þau sjónarmið sem koma fram í frumvarpinu, að umboðsmaður barna hafi sérstöku hlutverki að gegna við eftirfylgni og aðhald við innleiðingu Barnasáttmálans á Íslandi. Mikilvægt er að nú sé hlutverk umboðsmanns barna styrkt með lögum og sérstaklega vegna lögfestingar Barnasáttmálans.

Samtökin fagna þeim sjónarmiðum sem fram koma um að umboðsmaður barna eigi að vera öflugur og virkur málsvari barna í íslensku samfélagi og skuli stuðla að því að stefna stjórnvalda um barnvænt samfélag nái fram að ganga. Afar mikilvægt er að styðja embættið til aukinna áhrifa í samfélaginu svo það megi gegna hlutverki sínu og til þess þarf að tryggja því það fjármagn sem til þarf.

Áhersla frumvarpsins á þátttöku barna til áhrifa á mótun samfélagsins, án mismununar af nokkru tagi er annað fagnaðarefni. Hlutverk umboðsmanns barna skv. greinargerð, sé að vinna að því að fullt tillit sé tekið til réttinda, þarfa og hagsmuna barna á öllum sviðum samfélagsins. Skuli umboðsmaður setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna.

Hlutverk umboðsmanns barna sem styrkt er í frumvarpinu við að afla gagna og miðla upplýsingum um aðstæður barna til að nýta m.a. til grundvallar samræmdri og markvissri stefnu í málefnum barna á öllum stigum stjórnsýslunnar er afar mikilvægt. Barnaheill hvetja stjórnvöld til að tryggja almenningi, og sérstaklega börnum, aðgengi að heildstæðum upplýsingum um málefni barna úr miðlægum gagnagrunni sem allir hafi aðgang að.

Barnaheill fagna áformum um að lögfesta árlegt Barnaþing þar sem farið verði yfir stöðu og þróun í málefnum barna á helstu sviðum samfélagsins og að niðurstöður verði kynntar fyrir ríkisstjórn og þær nýttar til áframhaldandi styrkingar á réttindum barna og framfylgd þeirra.

Barnaheill hvetja stjórnvöld til að ganga enn lengra og sem fyrst, með því að undirrita og fullgilda þriðju valfrjálsu bókunina við Barnasáttmálann, sem á að gera börnum kleift að senda kvartanir beint til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna. Samtökin telja það

brýnt verkefni til að styrkja mannréttindi barna hér á landi og sé viðurkenning á því að börn séu í raun einstaklingar með sjálfstæð réttindi, án mismununar og óháð stétt eða stöðu.

Samtökin taka fús þátt í frekara samtali um breytingar á lögum um umboðsmann barna og um framfylgni mannréttinda barna á Íslandi.

Barnaheill hvetja til þess að frumvarpið verði samþykkt sem lög sem fyrst og áréttá mikilvægi þess að tryggja embættinu nægilegt fjármagn, starfsfólk og aðstöðu, svo það megi gegna hlutverki sínu með fullnægjandi hætti.



Alþingi

Nefndasvið

Austurstræti 8-12

150 Reykjavík

Garði 9.nóvember 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á [lögum nr. 83/1994, um umboðsmann barna \(hlutverk umboðsmanns barna, ráðgjafarhópur barna og barnaþing\)](#).

Þingskjal 156

156 mál

Landssamband eldri borgara mælir með samþykkt frumvarpsins.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir auknu fjármagni til að styrkja enn frekar stöðu barna í íslensku samfélagi. Það er mjög til bóta. Samkvæmt fréttum er staða margra barna mjög erfið í þjóðfélaginu nú á dögum, þannig að það er stórt skref í framfaraátt að taka þessi mál nú föstum tökum. Aukið fjármagn til málaflokksins mun skila sér margfalt þegar til framtíðar er litið.

Í frumvarpinu er tekið fram að gert er ráð fyrir þátttöku barna um öll má sem þau varða. Þetta er mjög mikið atriði og til mikilla bóta.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að erindi sem berast frá börnum skulu sæta forgangsmeðferð. Þetta er mjög mikilvægt að börnin sjálf geti sent inn erindi.

Í frumvarpinu er það nýmæli að þing um málefni barna sé haldið á tveggja ára fresti. Það mun gefa málefnum barna aukna þyngd í samfélaginu.

Með vinsemd og virðingu

Sigurður Jónsson

Varaformaður LEB

Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um frumvarp til laga um umboðsmann barna (hlutverk umboðsmanns barna, ráðgjafarhópur barna og barnaþing), 156, mál.

Landssamtökin Proskahjálp vinna að mannréttindamálum fatlaðs fólks, með sérstaka áherslu á fötluð börn og fólk með þroskahömlun. Aðildarfélag að samtökunum eru rúmlega 20 með um 6000 félögum.

Samtökin vilja koma eftirfarandi á framfæri varðandi frumvarpið.

Íslenska ríki fullgilti samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks árið 2016 og skuldbatt sig þar með til að virða öll ákvæði samningsins og framfylgja þeim.

Í samningnum er lögð mjög mikil áhersla á skyldur stjórnvalda til samráðs við fatlað fólk, þ.m.t. fötluð börn og samtök sem vinna að réttinda- og hagsmunamálum þeirra. Í 4. gr. samningsins sem hefur yfirskriftina *Almennar skuldbindingar* segir:

Þegar aðildarríkin undirbúa löggjöf sína og stefnu samningi þessum til framkvæmdar og vinna að því að taka ákvarðanir um málefni sem varða fatlað fólk skulu þau hafa náð samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, einnig fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd. (Undirstr. Proskahjálpar)

Í 7. gr. samningsins, sem hefur yfirskriftina *Fötluð börn*, segir:

1. *Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fötluð börn fái notið mannréttinda og mannfrelsis til fulls og jafns við önnur börn.*
2. *Í öllum aðgerðum, sem snerta fötluð börn, skal fyrst og fremst hafa það að leiðarljósi sem er viðkomandi barni fyrir bestu.*
3. *Aðildarríkin skulu tryggja fötluðum börnum rétt til þess að láta skoðanir sínar óhindrað í ljós um öll mál er þau varða, jafnframt því að sjónarmiðum þeirra sé gefinn gaumur eins og eðlilegt má telja miðað við aldur þeirra og þroska og til jafns við önnur börn og veita þeim aðstoð þar sem tekið er eðlilegt tillit til fötlunar þeirra og aldurs til þess að sá réttur megi verða að veruleika.*

Í 23. gr. samnings SP um réttindi barnsins eru ákvæði sem varða fötluð börn sérstaklega og skyldur stjórnvalda gagnvart þeim. Greinin hljóðar svo:

1. *Aðildarríki viðurkenna að andlega eða líkamlega fatlað barn skuli njóta fulls og sómasamlegs lífs, við aðstæður sem tryggja virðingu þess og stuðla að sjálfsbjörg þess og virkri þátttöku í samfélaginu.*
2. *Aðildarríki viðurkenna rétt fatlaðs barns til sérstakrar umönnunar, og skulu þau stuðla að því og sjá um að barni sem á rétt á því, svo og þeim er hafa á hendi umönnun þess, verði eftir*

Því sem föng eru á veitt sú aðstoð sem sótt er um og hentar barninu og aðstæðum foreldra eða annarra sem annast það.

3. Með tilliti til hinna sérstöku þarfa fatlaðs barns skal aðstoð samkvæmt 2. tölul. þessarar greinar veitt ókeypis þegar unnt er, með hliðsjón af efnahag foreldra eða annarra sem hafa á hendi umönnun þess, og skal hún miðuð við að tryggd sé að fatlaða barnið hafi í raun aðgang að og njóti menntunar, þjálfunar, heilbrigðisþjónustu, endurhæfingar, starfsundirbúnings og möguleika til tómsundaiðju, þannig að stuðlað sé að sem allra mestri félagslegri aðlögun og þroska þess, þar á meðal í menningarlegum og andlegum efnum.

4. Aðildarríki skulu í anda alþjóðlegrar samvinnu stuðla að því að skipst sé á viðeigandi upplýsingum um fyrirbyggjandi heilsugæslu og læknisfræðilega, sálfræðilega og starfræna meðferð fatlaðra barna, þ. á m. með dreifingu á og aðgangi að upplýsingum um endurhæfingaraðferðir, menntun og atvinnuhjálp, er miði að því að gera aðildarríkjum kleift að bæta getu sína og færni og auka reynslu sína að þessu leyti. Hvað þetta snertir skal tekið sérstakt tillit til þarfa þróunarlanda.

Samtökin leggja áherslu á að fötluð börn eru ekki aðeins berskjölduð vegna aldurs síns, heldur einnig vegna fötlunar sinnar og er því, þegar um fötluð börn er að ræða, um tvær mögulegar mismununarástæður að ræða sem teljast hvor um sig vera mannréttindabrot í skilningi laga og fjölþjóðlegra mannréttindasamninga. Þegar um er að ræða fötluð börn af erlendum uppruna (innflytjendur, hælisleitendur, flóttafólk) bætist við þriðja mögulega mismununarástæðan, þ.e. uppruni, en mismunun á þeim grundvelli er einnig alvarlegt brot gegn mannréttindum. Það er því sérstök ástæða til og skylda á stjórnvöldum að líta sérstaklega til stöðu, aðstæðna og þarfa þessara berskjölduðu hópa við greiningar og rannsóknir, setningu, laga og reglna, stefnumótun og áætlanagerð til að bæta stöðu barna og ungmenna.

Tækifæri fatlaðra ungmenna til náms eru mun einhæfari og minni en ungmenna almennt hér á landi en það er að sjálfsgöðu alvarleg mismunun hvað varðar menntun og þar með atvinnu og mjög mörg önnur tækifæri í lífinu og samfélaginu sem ráðast mjög mikið af menntun fólks nú og munu gera það í enn ríkari mæli í fyrirsjáanlegri framtíð.

Þjónusta við fötluð börn er að mestu á ábyrgð og verksviði sveitarfélaga og skortir verulega á að ríkið haldi uppi nægilega burðugu og skilvirku eftirliti með að þau njóti allra þeirra mannréttinda sem þeim ber að njóta og ríkinu er skylt að tryggja þeim sem og að þau þurfi ekki að þola mismunun á grundvelli búsetu. Landssamtökin Þroskahjálp fagna því öllu sem er til þess fallið að bæta þetta eftirlit, þ.m.t. lögum sem hafa það að markmiði að styrkja embætti umboðsmanns barna og það eftirlit sem embættið hefur með mannréttindum barna.

Þá vilja samtökin benda á að mjög skortir á markvissa söfnun og vandaða úrvinnslu og miðlun áreiðanlegra gagna og upplýsinga varðandi stöðu fatlaðs fólks og fatlaðra barna á Íslandi, þó að sérstaklega sé kveðið á um skyldur ríkja á því sviði í 31. gr. samnings SP um réttindi fatlaðs fólks. Má í því sambandi t.a.m. nefna upplýsingar varðandi vistun fatlaðra barna utan heimilis og stöðu fatlaðra barna af erlendum uppruna. Samtökin fagna því sérstaklega g-lið 3. gr. frumvarpsins þar sem er nýmæli um öflun og miðlun gagna og upplýsinga um aðstæður barna og taka heilshugar undir eftirfarandi sem segir um ákvæðið í athugasemdum við það í frumvarpinu:

Forsenda vandaðrar stefnumótunar er að fyrir liggja áreiðanlegar upplýsingar um stöðu mála hverju sinni. Gert er ráð fyrir því að embætti umboðsmanns barna afli og miðli gögnum og upplýsingum um aðstæður barna og stöðu tiltekinna hópa barna í samvinnu við ýmsa aðila.

Skulu þau gögn lögð til grundvallar samræmdri og markvissri stefnu í málefnum barna á öllum stigum stjórnsýslunnar í samræmi við ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Markmiðið er að varpa ljósi á stöðu barna í samfélaginu og í þeim tilgangi er gert ráð fyrir að sérstaklega verði lögð áhersla á að ná til barnanna sjálfra með sérfræðihópum þar sem þeim gefst kostur á að tjá sig um eigin reynslu, upplifun og líðan. Á þeim grundvelli vinni umboðsmaður greiningar sem geta orðið grunnur að mótun heildstæðrar stefnu í tilteknum málaflokkum til að tryggja að öll börn njóti þeirra réttinda sem mælt er fyrir um í barnasáttmálanum.

Með vísan til þess sem að framan er rakið hvetja Landssamtökin Þroskahjálpar Alþingi eindregið til að samþykkja frumvarpið.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri



MANNRETTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. október 2018.

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um um breytingu á lögum nr. 83/1994, um umboðsmann barna (hlutverk umboðsmanns barna, ráðgjafarhópur barna og barnaþing), þskj. nr. 156- 156. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 83/1994, um umboðsmann barna.

MRSÍ styður frumvarpið heils hugar enda mikilvægt að veita börnum meira áhrifavald á málefni er þau snerta og taka þátt í mótun samfélagsins. Þá er og mikilvægt að skýrt sé kveðið á um eftirlitsskyldu umboðsmanns barna með innleiðingu Samning Sp um réttindi barnsins, túlkun hans og þróun. Breytingar á 1. gr. laganna eru og mikilvægar, þ.e. vísan í Samning Sp um réttindi barnsins og aðra alþjóðasamninga er börn varða.

MRSÍ hefur þá trú að nái þær breytingar, sem lagt er til með frumvarpi þessu að gerðar verði á lögum um umboðsmann barna, verði til þess að efla embættið í því hlutverki að standa vörð um mannréttindi og hagsmuni barna.

MRSÍ hvetur til lögleiðingar frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir
framkvæmdastjóri

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 25. október 2018 um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 83/1994 um umboðsmann barna (þskj. 156, 156. mál á 149. löggjafarþingi).

Frumvarpið varðar ekki reglur um vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd gerir því ekki athugasemdir við efni þess.

F.h. Persónuverndar,



Þórður Sveinsson

Skrifstofustjóri lögfræðisviðs | Head of Legal


Persónuvernd | Data Protection Authority

Rauðarárstígur 10, 105 Reykjavík, IS, (+354) 510-9600

www.personuvernd.is

[Fyrirvari | Disclaimer](#)





SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 13. nóvember 2018

1810068SA VÓHS
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 83/1994, um umboðsmann barna (hlutverk umboðsmanns barna, ráðgjafarhópur barna og barnaþing), 149. löggjafarþing - 156. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 25. október 2018 þar sem óskað er eftir umsögnum um ofangreint þingmál. Frumvarpið er afurð af samvinnu forsætisráðuneytisins og embætti umboðsmanns barna.

Um meginefni frumvarpsins

Frumvarpinu er að meginefni ætlað að kveða skýrar á um hlutverk umboðsmanns barna þar sem m.a. er lögfest framkvæmd sem hefur verið viðhöfð um langt skeið, eins og samráð umboðsmanns við börn um málefni sem þau varðar. Á meðal annarra breytinga er lagt til að barnaþing verði haldið á tveggja ára fresti og að umboðsmanni verði falið að safna gögnum um stöðu barna á Íslandi með markvissum hætti. Breytingunum er ætlað að styrkja rödd og auka áhrif barna í íslensku samfélagi.

Athugasemdir sambandsins

Sveitarfélögin hafa mörg hver hafið eða lokið vinnu við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna inn í stjórnýslu og starfsemi sveitarfélaga enda sinna sveitarfélögin stærstum hluta þeirrar þjónustu sem hefur bein áhrif á daglegt líf barna. Sambandið fagnar því framkomnu frumvarpi og styður framgang þess en gerir þó eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

i) Önnur launuð störf umboðsmanns

Sambandið gerir ákveðinn fyrirvara við c-lið 2. gr. frumvarpsins sem fjallar um rétt umboðsmanns til að hafa með höndum önnur launuð aukastörf að fengnu samþykki ráðherra. Frumvarpinu er ætlað að vera ákveðin lyftistöng fyrir embætti umboðsmanns barna og kveða skýrar á um hlutverk hans. Sambandið leggur því til að rökstuðningurinn að baki heimild fyrir aukastörfum umboðsmanns verði skýrður með mun ítarlegri hætti en gert er í frumvarpinu, því ákvæðið eins og það stendur núna skilur eftir talsvert af spurningum, t.a.m. hvort umboðsmaður geti tekið sæti sem dómkvaddur matsmaður í dómsmáli, staðið í umfangsmiklum fyrirtækjarekstri eða setið í úrskurðarnefndum. Ekki getur talist nægjanlegt að vísa eingöngu til matskenndrar ákvörðunar ráðherra.

ii) Umboðsmenn barna á Alþingi

Frá árinu 2014 hafa þingmenn úr öllum flokkum sem sæti eiga á Alþingi tilnefnt sérstaka talsmenn barna í samvinnu við embætti umboðsmanns barna, UNICEF á Íslandi og Barnaheill – Save the Children. Til að gerast talsmenn barna undirrita þingmenn yfirlýsingu þess efnis að þeir skuldbindi sig til að hafa barnasáttmálann

að leiðarljósi í störfum sínum á þinginu. Þá sækja talsmenn barna á Alþingi námskeið þar sem ungmenni úr ungmennaráðum veita fræðslu um hvernig barnasáttmálinn nýtist við ákvarðanatöku og stefnumótun.

Að álit sambandsins hefði farið vel á því að festa hlutverk þessara aðila í sessi í löggjöfinni en gagnrýnt hefur verið að ekki sé nægilega markvisst greint og metið hvaða áhrif ákvarðanir sem teknar eru af hinu opinbera komi til með að hafa á hagsmuni barna. Leggur sambandið því til eftirfarandi nýtt ákvæði við frumvarpið, svohljóðandi:

Umboðsmaður barna, í samráði við önnur féлага- og hagsmunasamtök barna, tilnefna talsmenn barna á Alþingi úr hópi þingmanna allra flokka sem sæti eiga á Alþingi á hverju kjörtímabili. Talsmenn barna á Alþingi skuldbinda sig til að hafa barnasáttmálann að leiðarljósi í störfum sínum á þinginu, tileinka sér barnvæn sjónarmið og hafa hagsmuni barna að leiðarljósi.


Með framangreindri viðbót væri Alþingi og alþingismönnum markað skýrara hlutverk sem samræmist vel markmiði frumvarpsins sem er að styrkja rödd barna og auka áhrif þeirra í íslensku samfélagi. Einnig samræmist viðbótin vel þeirri grundvallarreglu sem lögfest hefur verið víða í íslenskri löggjöf um það sem er barni fyrir bestu þar sem áréttað er enn frekar að það sem er barni fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir, þ.á m. við lagasetningu.

Lokaorð

Samband íslenskra sveitarfélaga tekur jákvætt undir frumvarpið og styður framgang þess. Sambandið er reiðubúið að koma á fund nefndarinnar til að skýra umsögn þessa frekar.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs

Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. nóvember 2018

Efni: UNICEF á Íslandi um breytingu á lögum um umboðsmann barna

UNICEF á Íslandi styður samþykkt frumvarps um umboðsmann barna, enda styrkir frumvarpið starf umboðsmanns og þar með stöðu barna á Íslandi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að efla þátttöku barna með barnaþingi og með öflun upplýsinga um aðstæður barna. Þá er hlutverk ráðgjafahóps barna fest í lög og umboðsmanni uppálagt að stuðla að þátttöku barna í samfélagslegri umræðu og stefnumótun. Í því samhengi er hlutverk umboðsmanns að stuðla að kynningu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins afar mikilvægt.

Umboðsmaður barna gegnir mikilvægu hlutverki við miðlun upplýsinga frá börnum til stjórnvalda. Allt of oft ræða fullorðnir um börn í stað þess að ræða við þau, og styrking embættis umboðsmanns barna er einn liður í að breyta því. Þar eru viðkvæmustu og jaðarsettustu hópar barna mikilvægir, svo sem fötluð börn, börn af erlendum uppruna og börn sem búa við fátækt. Með því að varpa ljósi á stöðu þessara barna í samfélaginu með sérfræðihópum og annarri gagnaöflun, gefur umboðsmaður þeim rödd og stað í samfélaginu. Það mætti leggja enn ríkari áherslu á það hlutverk umboðsmanns í greinargerð.

Jafnframt er búseta barna, og mismunun milli sveitarfélaga, aðkallandi viðfangsefni og nauðsynlegt að skýra betur ábyrgð stjórnvalda í því samhengi. Hlutverk umboðsmanns í að varpa ljósi á mismunun á grundvelli búsetu mætti nefna í greinargerð frumvarpsins.

Til þess að markmið þessa frumvarp geti orðið að veruleika, þarf að tryggja aukið fjármagn til embættisins til lengri tíma. Öflugt embætti umboðsmanns barna er fjárfesting í betra samfélagi fyrir öll börn.

UNICEF á Íslandi hefur lengi talað fyrir því að embætti umboðsmanns sé styrk og fögnum við því þessu frumvarpi og vonumst til að hljóti samþykki þingsins.

Virðingarfyllst,



Bergsteinn Jónsson
Framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi
bergsteinn@unicef.is
S: 552 6364 / 615 4049